

undir ráðherrana og ráðuneytin heyra, m.a. með því að setja reglur um einstök verkefni til að fylgja því eftir að vel sé með fjármuni farið og tryggja að þeir renni til tilætlaðra verkefna.

Nefndin bendir á að það er svo hlutverk Alþingis og þingnefnda, og þá sérstaklega stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, að hafa eftirlit með ákvörðunum og verklagi ráðherra, sbr. ákvæði 8. tölul. 13. gr. laga um þingsköp Alþingis.

Skipulagsmál.

Nefndin aflaði upplýsinga frá Skipulagsstofnun en deilt hefur verið um hvort deiliskipulag Skálholts sé í gildi. Fyrir nefndina kom skipulagsstjóri og lýsti þeirri afstöðu stofnunarinnar að bygging Þorláksbúðar hefði ekki staðist skipulagslög. Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingamála (nú umhverfis- og auðlindamála) og umhverfissráðuneyti (nú umhverfis- og auðlindaráðuneyti) hefðu hins vegar ekki tekið efnislega afstöðu til málsins sem var kært heldur vísað málinu frá þar sem kærendur gátu ekki átt aðild að slíku máli enda höfðu þeir ekki lögvarinna hagsmuna að gæta samkvæmt lögnum.

Niðurstaða.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd fagnar því að sett hafi verið ný og breytt skipulagsreglugerð, nr. 90/2013, frá 16. janúar sl. Vænta má að hefði slík reglugerð verið í gildi hefði verið unnt að koma í veg fyrir að byggingin hefði risið á þeim stað þar sem hún er. Nefndin fagnar því einnig að mennta- og menningarmálaráðherra friðaði byggingar í Skálholti að undanskilinni yfirbyggingu yfir friðlýstar fornleifar Þorláksbúðar 27. desember 2012. Ekki verður horft fram hjá því að úr því sem komið er verður byggingin ekki fjarlægð nema kveðið verði á um það með dómi eða með samkomulagi þeirra sem hlut eiga að máli, þ.e. kirkjunnar og Þorláksbúðarfélagsins. Nefndin hvetur til þess að samkomulags verði leitað um að færa bygginguna.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd hvetur Ríkisendurskoðun til að ljúka því verki að upplýsa um hvernig skattfé sem runnið hefur til þessa verkefnis hefur verið varið. Nefndin telur það ekki varpa ljósi á ráðstöfun fjárins að nokkrar milljónir króna séu útistandandi og að óvissa ríki um fjárhagsstöðu félagsins eins og fram kom í bréfi Ríkisendurskoðunar, dags. 28. júní 2012. Telur nefndin að í því efni skipti engu þó að byggingin verði ekki afhent Skálholtsstað fyrir en skuldir hennar hafa verið gerðar upp. Nefndin hvetur Ríkisendurskoðun til að ráðast í þetta verkefni hið fyrsta.